

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Hafnarhrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Hafnarhrepps selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Hafnarhrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar. Einnig lætur hitaveitan í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 1,00 fyrir hverja kílóvattstund og jafnframt skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 13,00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Framantaldir taxtar eru án niðurgreiðslu. Af íbúðarhúsnæði er niðurgreiðsla úr ríkissjóði kr. 0,56 fyrir hverja kWst, sem kemur fram sem frádráttartala á viðkomandi reikningi.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áttlar hitaveitan orkunotkun og vatnsnotkun með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té auka mæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir afnot heita vatnsins og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

	kr.
a) fyrir mæla til og með $\frac{3}{4}$ "	395,00
b) fyrir mæla 1"—2"	790,00
c) fyrir mæla stærri en 2"	1 580,00

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 240,00.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimæðargjald
Allt að 300 m ³	43 000,00 kr.
300— 2 000 m ³	43 000,00 kr. + 47,00 kr./m ³
2 000— 6 000 m ³	123 000,00 kr. + 38,70 kr./m ³
6 000—10 000 m ³	278 000,00 kr. + 34,40 kr./m ³
Yfir 10 000 m ³	416 000,00 kr. + 28,90 kr./m ³

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstöku mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 4 690,00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við fasteignaskrá og fyrir hús sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa.

8. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að tveim árum ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

9. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 800,00.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

10. gr.

Heimæðargjöld samkvæmt gr. 7 eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Orkugjöld og mælaleiga samkvæmt 3. og 4. gr. eru miðuð við húshitunartaxta Rafmagnsveitna ríkisins C. 1. eða samsvarandi taxa, en hann er nú óniðurgreiddur 1,39 kr./kWst. auk fastagjalds.

Heimilt er að breyta ofangreindum gjöldum í samræmi við þær breytingar sem verða á vísitölu byggingarkostnaðar eða á húshitunartaxta RARIK, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Miða skal við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni samkvæmt gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins hverju sinni.

III. KAFLI

11. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseigenda. Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirætlunum um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi hitaveitunnar. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hafnarhrepps og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 674 5. september 1983.

Iðnaðarráðuneytið, 9. janúar 1985.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.